



Ársskýrsla 2019





Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Heiti á ensku: Environmental and Public Health Authorities of South Iceland

Starfssvæði: Suðurland og Vestmannaeyjar

Heimilisfang: Austurvegi 65a, 800 Selfoss

Sími: 480 8250

Netfang: hsl@hsl.is

Rafræn pdf. útgáfa á vef Heilbrigðiseftirlits Suðurlands: www.hsl.is

Forsíðumynd: Sýnataka úr Þjórsá neðan við Urriðafoss.

Efnisyfirlit:

Efnisyfirlit:.....	3
Inngangur	5
Hlutverk og uppbygging	5
Heilbrigðisnefnd	6
Starfsmenn	6
Skipulag heilbrigðiseftirlits og hlutverk	7
Samstarf	8
Samstarf við MAST og UST	9
Starfsemi	9
Starfsleyfi	10
Innra starf	10
Kvartanir og ábendingar	10
Málaskrá og skjalavarsla	10
Reglubundið eftirlit.....	11
Sýnataka og niðurstöður.....	13
Sund- og baðstaðir vs. laugar í náttúrunni.....	16
Meindýravarnir og tilkynningaskylda vegna veggjalúsar	16
Hollustuhættir	17
Hollustuháttahópur	18
Matvæli.....	18
Breytingar á matvælalögum	18
Eftirlitsverkefni og sýnatökur	18
Sýnatökur á kjöti til örverumælinga.....	19
Hvað er STEC E.coli?	19
Varnarefnamælingar á matjurtum	19
Neysluvatn	19
STEC <i>E.coli</i> faraldur á Suðurlandi	21
Brauðkörfumálið	22
ESA úttektir.....	23
Umhverfis- og mengunarvarnir	23
Fjöldi starfsleyfa og gangur eftirlits	23
Starfsleyfisútgáfa á umhverfis- og mengunarvarnarsviði	23
Lóðir og lendur	24
Um ábyrgð eiganda eða umráðamanns húss, mannvirkis og/eða lóða	25

Verkefni umhverfisgæðahóps	26
Loftgæði	26
Vatnamál	28
Sorp og seyra	29
Fjármál og rekstur	30
Lokaorð	32

Myndaskrá

Mynd 1. Fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits, stofnana og ráðuneyta í stjórnsýslunni	7
Mynd 2. Heilbrigðiseftirlitssvæðin á Íslandi	8
Mynd 3. Eftirlitsheimsóknir og samanburður milli ára	12
Mynd 4. Fjöldi eftirlitsskyldra fyrirtækja	12
Mynd 5. Flokkun fyrirtækja eftir árum í prósentum	13
Mynd 6. Samanburður allra sýna eftir árum	14
Mynd 7. Skífurit yfir niðurstöður baðvatnssýna	14
Mynd 8. Skífurit yfir niðurstöður neysluvatnssýna	15
Mynd 9. Skífurit yfir heildarniðurstöður sýna	15
Mynd 10. Gátlisti úr bæklingi Umhverfisstofnunar um veggjalús 2011	16
Mynd 11. Gististaður í tjaldi	17
Mynd 12. Samanburður niðurstaðna neysluvatns milli ára	20
Mynd 13. Samanburður niðurstaðna neysluvatnssýna í prósentum milli ára	20
Mynd 14. Eftirlit með lóðum og lendum	24
Mynd 15. Dæmi um mengun og óþrifnað	26
Mynd 16. Samanburður ármeðaltals H ₂ S mælinga milli ára	27
Mynd 17. Framlög sveitarfélaga til rekstar	30
Mynd 18. Áætlun, eftirlitsgjöld og hlutfall framlaga sveitarfélaganna	31
Mynd 19. Helstu kostnaðarliðir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. ársreikningi	31

Töfluskrá

Tafla 1. Fundir heilbrigðisnefndar Suðurlands á árinu 2019	6
Tafla 2. Fjöldi starfsmanna og starfsaldur	7
Tafla 3. Heilbrigðiseftirlitssvæðin og fjöldi heilbrigðisfulltrúa 2019	8
Tafla 4. Ný mál eftir helstu málaflokkum	11
Tafla 5. Lokin mál eftir helstu málaflokkum	11
Tafla 6. Sýnatökur flokkaðar	13
Tafla 7. Yfirlit yfir mál um lóðir og lendur	25

Inngangur

Ársskýrsla þessi er samantekt um helstu verkefni Heilbrigðiseftirlits Suðurlands á árinu 2019. Aftast er útdráttur úr ársreikningi 2019. Jafnframt er í skýrslunni fróðleikur um uppbyggingu heilbrigðiseftirlits í landinu og skýringar á samstarfi við önnur heilbrigðiseftirlitssvæði og tengdar stofnanir. Farið er yfir hlutverk heilbrigðiseftirlitsins og uppbyggingu ásamt rekstrarupplýsingum. Finna má í skýrslunni upplýsingar um fjölda eftirlitsskyldra aðila, fjölda mála, sýnatökur og fleira. Þá er einnig yfirlit yfir helstu mál ársins skipt eftir málaflokkum. Skýrslan nær yfir tímabilið 1. janúar 2019 til 31. desember 2019.

Skýrslan er einungis send á rafrænu formi bæði til sveitarfélaga og helstu samstarfsstofnana, en hægt er að fá hana senda á prenti samkvæmt beiðni. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu embættisins: www.hsl.is

Hlutverk og uppbygging

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er byggðasamlag 14 sveitarfélaga á Suðurlandi í samræmi við ákvæði í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Umdæmi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands nær frá Vífilfelli í vestri og að Skeiðarársandi í austri. Starfssvæðið nær upp á hálendið þar sem starfsleyfisskyld starfsemi er t.d. sala gistingar í fjallaskálum og einstaka veitingastaðir. Vestmannaeyjar eru útvörður svæðisins í suðri. Rekstur heilbrigðiseftirlits er lögbundið verkefni sveitarfélaganna sem að því standa og sem fjárhagslega ábyrgð á rekstri þess skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. Þar segir m.a. „*Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits...*“ og „*Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar*“. Heilbrigðisnefnd er kosin á aðalfundi til fjögurra ára í senn. Sveitarfélögin sem standa að Heilbrigðiseftirliti Suðurlands eru:

- Ásahreppur
- Bláskógabyggð
- Flóahreppur
- Grímsnes- og Grafningshreppur
- Hrunamannahreppur
- Hveragerðisbær
- Mýrdalshreppur
- Rangárþing eystra
- Rangárþing ytra
- Skaftárhreppur
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- Sveitarfélagið Árborg
- Sveitarfélagið Ölfus
- Vestmannaeyjabær

Heilbrigðisnefnd

Heilbrigðisnefnd Suðurlands 2018-2022 er þannig skipuð:

Formaður:	Helgi S. Haraldsson, Sveitarfélaginu Árborg
Varaformaður:	Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógabyggð
	Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, Hveragerðisbæ
	Páll Tómasson, Mýrdalshreppi
	Sigurhanna Friðþórsdóttir, Vestmannaeyjabæ
Fulltrúi atvinnurekenda:	Oddur Árnason, Rangárþingi eystra
Varamenn eru:	Guðbjörg Jónsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg
	Sigurður Sigurjónsson, Hrunamannahreppi
	Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélaginu Ölfusi
	Lilja Einarisdóttir, Rangárþingi eystra
	Arna Huld Sigurðardóttir, Vestmannaeyjabæ
Varafulltrúi atvinnurekenda	Sigurður Rafn Hilmarsson

Á árinu hélt nefndin 9 fundi eins og kemur fram í töflu 1 og eru fundargerðir birtar jafnóðum á heimasíðu embættisins.

TAFLA 1. FUNDIR HEILBRIGÐISNEFNDAR SUÐURLANDS Á ÁRINU 2019

Fundur nr.	dags.
193	23. janúar
194	27. febrúar
195	10. apríl
196	9. maí
197	11. júní
198	20. ágúst
199	24. september
200	12. nóvember
201	17. desember

Starfsmenn

Starfsmenn hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands sem hafa starfað við heilbrigðiseftirlit á árinu eru alls 9, eins og kemur fram í töflu 2. Þar eru nöfn heilbrigðisfulltrúa og starfsaldur hjá fastráðnum starfsmönnum. Ráðinn var starfsmaður í hreinsunaráttak með lóðum og lendum sem heitir María E Bjarnadóttir, landfræðingur. Þess utan voru afleysingamenn við störf hluta af árinu,

Þorsteinn Þorvarðarson, heilbrigðisfulltrúi og Ragnhildur Sævarsdóttir náttúru- og umhverfisfræðingur. Fjölbreytt menntun starfsmanna styður við hin fjölbreyttu verkefni sem við er að eiga og starfsreynsla starfsmanna er dýrmæt.

TAFLA 2. FJÖLDI STARFSMANNA OG STARFSALDUR


Nafn	starf	starfsaldur, ár
Sigrún Guðmundsdóttir	framkvæmdastjóri	17
Áslaug Rut Áslaugsdóttir	heilbrigðisfulltrúi	16
María Berg Guðnadóttir	heilbrigðisfulltrúi	14
Stella Hrönn Jóhannsdóttir	heilbrigðisfulltrúi	7
Ágúst Óskar Sigurðsson	heilbrigðisfulltrúi	5
Reynir Freyr Jakobsson	heilbrigðisfulltrúi	3
Þorsteinn Þorvarðarson	heilbrigðisfulltrúi	
María E Bjarnadóttir	heilbrigðisfulltrúi	
Ragnhildur Sævarsdóttir	heilbrigðisfulltrúi	

Skipulag heilbrigðiseftirlits og hlutverk

Heilbrigðiseftirlitssvæðin eru 10 og er skipan þeirra ákveðin skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Mynd 1 sýnir hvernig tengslum heilbrigðiseftirlits er háttað við önnur stjórnvöld og tengdar stofnanir. Ágreining um ákvarðanir heilbrigðisnefnda er hægt að kæra til æðra stjórnvalds sem eru Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

(www.uua.is) sem starfar á vegum Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er hægt að kæra ákvarðanir heilbrigðisnefnda á grundvelli Matvælalaga nr. 93/1994 til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Slík kærur koma reglulega upp. Önnur kæruleið sem er fær fyrir eftirlitspega eru dómstólarnir. Undir kaflanum um matvæli hér neðar er fjallað nánar um mál sem var höfðað gegn embættinu fyrir Héraðsdómi Suðurlands og lauk á árinu 2019.

Svæðin 10 hafa mikilvægt samstarf sín á milli og hafa með sér formleg samtök í þeim tilgangi: „Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi“ (SHÍ). Í samtökunum sitja formenn og



MYND 1. FYRIRKOMULAG HEILBRIGÐISEFTIRLITS, STOFNANA OG RÁÐUNEYTA Í STJÓRNSÝSLUNNI

framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitssvæðanna. Heimasíða SHÍ www.shi.is er til að auðvelda almenningi og öðrum að nálgast upplýsingar um öll svæðin. Mynd 2 sýnir skiptingu landsins í eftirlitssvæði. Á flestum svæðunum er rekstur heilbrigðiseftirlits samstarfsverkefni nokkurra sveitarfélaga líkt og á Suðurlandi. Einungis í Reykjavík er sér embætti heilbrigðiseftirlits fyrir eitt sveitarfélag og stendur borgin þannig ein að rekstri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.


Í töflu 3 hér að neðan er listað upp til fróðleiks hver fjöldi heilbrigðisfulltrúa á hverju svæði fyrir sig er og einnig er hægt að lesa út úr töflunni hvernig kynjaskiptingin er meðal heilbrigðisfulltrúa, eða 31 karl og 31 kona.

TAFLA 3. HEILBRIGÐISEFTIRLITSSVÆÐIN OG FJÖLDI HEILBRIGÐISFULLTRÚA 2019

Heilbrigðiseftirlitssvæði	samtals	karlar	konur
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	25	10	15
Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis	8	4	4
Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis	2	2	
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	3	2	1
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	2	2	
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra	2	1	1
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra	4	3	1
Heilbrigðiseftirlit Austfjarðasvæðis	4	2	2
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands	8	2	6
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	4	3	1

Samstarf

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands á í samstarfi við átta embætti skipulags- og byggingafulltrúa auk þeirra 14 sveitarfélaga sem standa að embættinu. Aðrar samstarfsstofnanir Heilbrigðiseftirlits



MYND 2. HEILBRIGÐISEFTIRLITSSVÆÐIN Á ÍSLANDI

Suðurlands út á við eru sýslumenn, lögreglan, brunavarnir, Umhverfisstofnun og Matvælastofnun. Tvö sýslumannsembætti eru á svæðinu auk þess sem Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu sér um að halda utan um skráningu heimagistingar og er slíkt skráð rafrænt hjá honum á slóðinni: www.heimagisting.is. Tilkynnt er til lögreglunnar ef upp kemst um sölu gistingar án skráningar eða rekstrarleyfis.

Samstarf við MAST og UST

Matvælastofnun hefur samkvæmt matvælalögum nr. 93/1995 yfirmsjón með opinberu matvælaeftirliti í landinu – eins og segir í 22. gr. laganna:

„...og skal sjá um að vöktun og rannsóknir vegna þessa eftirlits séu framkvæmdar. Í yfirmsjón felst samræming opinbers eftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu.“

Í yfirmsjón felst m.a. að sjá um útgáfu leiðbeininga, skipulagningu eftirlitsverkefna á landsvísu og með vinnu í samstarfshóp sem kallast í daglegu tali „Matvælahópurinn“. Hann samanstendur af fulltrúum frá Matvælastofnun og heilbrigðisfulltrúum af öllu landinu. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur gegnum tíðina verið virkur þátttakandi í því starfi. Skoðunarhandbók fyrir matvælaeftirlit er eitt af þessum verkfærum til samræmingar. Hún hefur verið í endurskoðun og er fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands í samstarfshópi um þessa endurskoðun. Matvælastofnun hefur jafnframt lagt til eftirlitsgrunn þ.e. eftirlitskerfið ÍSLEYF sem er til að skrá eftirlit og heldur þessi eftirlitsgrunnur utan um eftirlitsskýrslur. Er þetta kerfi einnig hluti af samræmingu.

Umhverfisstofnun hefur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir það hlutverk að stuðla að samræmdu eftirliti á sviði hollustuhátta, umhverfis- og mengunarvarna (51. gr. laga nr. 7/1998) og einnig efnavörueftirlits (5. gr. laga nr. 61/2013). Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er virkur þátttakandi í samræmingarhópum sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með. Það er annars vegar Umhverfisgæðahópurinn sem hefur samræmingu eftirlits með mengandi starfsemi á verkefnaskránni og hins vegar er Hollustuháttahópurinn. Báðir hópar funda að jafnaði mánaðarlega yfir vetratímam. Heilbrigðisfulltrúar taka einnig fullan þátt í uppfærslu á samræmdum starfsleyfisskilyrðum sem Umhverfisstofnun birtir á heimasíðu, sjá slóð: <https://www.ust.is/atvinnulif/heilbrigdiseftirlit/starfsleyfisskilyrði/>

Starfsemi

Megin starfsemi embættisins eru leyfisveitingar og reglubundið eftirlit með starfsleyfisskyldum fyrirtækjum og stofnunum. Önnur verkefni eru fyrirferðarmikil s.s. umsagnir vegna rekstrarleyfa og vegna skipulagsmála eins og sést í yfirliti yfir helstu mál í töflum 4 og 5.

Helstu verkefni Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru:

- Reglubundið eftirlit og leyfisveitingar.
- Sýnataka og rannsóknir á neysluvatni, matvælum og umhverfi.
- Umsagnir um veitinga- og gististaði vegna rekstrarleyfa og vegna tækifærisleyfa sem sýslumenn veita.
- Umsagnir vegna skipulagsmála til skipulags- og byggingafulltrúa.

- Umsagnir vegna brennuleyfa sem sýslumenn veita.
- Vöktun loftgæða og önnur umhverfismælingar og álímingar.
- Skráning á framkvæmd eftirlits og niðurstöðum mælinga.

Starfsleyfi

Útgáfa starfsleyfa er samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir annars vegar og lögum um matvæli hins vegar. Heildarfjöldi útgefinna leyfa var 357 á árinu. Ef fyrirtæki er með starfsemi samkvæmt báðum þessum lögum er samt sem áður einungis gefið út eitt leyfi sem byggir á báðum lögum. Eitt af skilyrðunum fyrir starfsleyfi er að starfsemin sé í samræmi við skipulag (6. gr. laga nr. 7/1998) og einnig að húsnæðið hafi hlotið samþykkt bygginganefndar (14. gr. rgl. nr. 941/2002 og 2. gr. b rgl. nr. 506/2010). Vegna þessara skilyrða hefur fjöldi umsókna um gistileyfi verið hafnað, s.s. í orlofshúsabyggðum og í íbúabyggð.

Innra starf

Heimasíða Heilbrigðiseftirlitsins www.hsl.is er í stöðugri þróun. Þar eru umsóknareyðublöð og leiðbeiningar ýmskonar ásamt fréttum ofl. Á heimasíðunni eru birtar allar umsóknir vegna mengandi starfsleyfa jafnóðum og þær berst. Jafnframt eru auglýst þar starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi, sem og öll útgefin leyfi ásamt greinargerðum skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá iðnaði og mengunarvarnareftirlit. Á heimasíðunni er jafnframt að finna lista yfir öll starfsleyfi í gildi hjá embættinu.

Kvartanir og ábendingar

Á heimasíðunni www.hsl.is er auðveld leið fyrir almenning að setja fram ábendingar og kvartanir. Það er skilvirk leið til að koma slíku á framfæri og er æskilegt að kvartanir séu skriflegar til að tryggja að þær skili sér. Ábendingar sem berast með öðrum hætti fara ekki sömu úrvinnsluleið og móttaka kvartana með skriflegum hætti gegnum heimasíðu.

Málaskrá og skjalavarsla

Heilbrigðiseftirlit hefur lögbundnar skyldur við varðveislu skjala. Það er mikilvægur hluti starfseminnar að halda utan um mál og öll skjöl sem tengjast starfseminni. Í töflum 4 og 5 hér á eftir má sjá yfirlit yfir fjölda nýrra og lokinna helstu mála hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands á árinu 2019. Töflurnar sýna skiptingu milli einstakra málaflokka og sýna glögg að fjöldi útgefinna starfsleyfa var stærsti liðurinn á síðasta ári. Þar á eftir umsagnir sem skiptast aðallega í tvo flokka. Annars vegar umsagnir til sýslumanna vegna gisti- og veitingaleyfa sem samtals voru 201 og hins vega umsagnir til skipulagsfulltrúa og til Skipulagsstofnunar vegna hvers konar skipulagsmála sem voru samtals 129 mál sem lauk á árinu, en úr töflunum má sjá að fjöldi mála er ólokið sem var stofnað til í þeim flokki á árinu. Undir „Almenn mál“ heyra mál eins og *beiðnir um upplýsingar* (32 mál), *innkallanir á matvælum* (18 mál), lóðir og lendur (88

mál), álímdir bílar (23 mál), ýmsar kvartanir, mál varðandi fráveitur og sorp svo eitthvað sé nefnt. Reglubundið eftirlit er almennt ekki talið til sérstakra mála í málaskráningarkerfinu nema um sé að ræða beitingu þvingunarúrræða.

TAFLA 4. NÝ MÁL EFTIR HELSTU MÁLAFLOKKUM

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	Samtals
<i>Almennt mál</i>	23	17	14	16	14	21	7	23	14	14	15	10	188
<i>Brennuleyfi</i>	1	0	0	1	0	7	8	4	1	0	14	3	39
<i>Eftirlit</i>	4	2	1	2	2	3	1	0	6	0	0	1	22
<i>Skipulag umsagnir</i>	20	15	12	11	26	7	1	29	25	7	29	9	191
<i>Starfsleyfi</i>	29	21	32	43	39	32	19	31	26	26	30	22	350
<i>Tóbakssöluleyfi</i>	5	1	1	1	1	1	0	0	1	1	2	1	15
<i>Tækifærisleyfi</i>	16	6	3	3	3	9	17	7	7	5	2	5	83
<i>Veitinga/gisti umsagnir</i>	19	19	15	23	27	18	19	12	11	24	16	6	209
<i>Samtals</i>	117	81	78	100	112	98	72	106	91	77	108	57	1097


TAFLA 5. LOKIN MÁL EFTIR HELSTU MÁLAFLOKKUM

<i>Mánuður / Tegund máls</i>	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	Samtals
<i>Almennt mál</i>	43	9	11	10	17	7	16	14	13	9	38	7	194
<i>Brennuleyfi</i>	1	0	0	1	0	5	6	7	0	1	1	14	36
<i>Eftirlit</i>	1	0	3	4	2	2	0	4	2	2	5	2	27
<i>Skipulag umsagnir</i>	15	8	9	2	18	6	6	24	12	10	7	12	129
<i>Starfsleyfi</i>	63	19	29	16	30	41	23	25	27	22	37	25	357
<i>Tóbakssöluleyfi</i>	5	1	0	0	1	0	1	1	1	1	2	0	13
<i>Tækifærisleyfi</i>	8	15	3	2	1	8	19	6	4	7	2	6	81
<i>Veitinga/gisti umsagnir</i>	14	13	15	11	22	25	16	15	19	19	23	9	201
<i>Samtals</i>	150	65	70	46	91	94	87	96	78	71	115	75	1038


Reglubundið eftirlit

Á árinu 2019 var fjöldi eftirlitsskyldra aðila 1558 og eftirlitsferðir vegna þeirra í reglubundnu eftirliti, skv. eftirlitsáætlun alls 993. Til viðbótar þessu eru síðan heimsóknir vegna nýrra umsókna og ferðir vegna tilfallandi eftirlits, eftirfylgni vegna athugasemda og kvartana. Skráðar eftirlitsferðir á árinu voru 1226 talsins eins og má lesa úr úr súluriti á mynd 3 ásamt samanburði milli ára. Fjöldi eftirlitsferða getur verið nokkuð mismunandi milli ára og ræðst það bæði af fjölda eftirlitsskyldra fyrirtækja og jafnframt áhættumati hvers fyrirtækjaflokks. Tíðnin getur þannig verið allt frá því að vera einu sinni á fjögurra ára fresti og upp í heimsóknir annan hvern mánuð í einstaka fyrirtækjum. Á 16 ára tímabili sem mynd 3 nær yfir sést að aukning í

verkefnum hefur verið jafnt og þétt og lætur nærri að vinna við eftirlit hafi tvöfaldast á þessu árabili og munar þar mest um aukið umfang ferðaþjónustunnar á Suðurlandi.




MYND 3. EFTIRLITSHEIMSÓKNIR OG SAMANBURÐUR MILLI ÁRA



MYND 4. FJÖLDI EFTIRLITSSKYLDRA FYRIRTÆKJA

Á mynd 4 hér að framan eru upplýsingar um fjölda fyrirtækja milli ára og skiptingu þeirra í þrjú svið, þ.e. í umhverfis- og mengunarvarnarsvið, matvælasvið og hollustuháttasvið. Öll fyrirtækin eru gróflega flokkuð á þann hátt og fer þá eftir meginstarfsemi í hvaða flokki þau lenda. Flest fyrirtæki eru þó blönduð og geta sum fyrirtækin tilheyrt öllum flokkum að einhverju leyti s.s.

hótel með veitingasölu með eigin fráveitu, sem dæmi. Það yrði þó flokkað sem hollustuháttafyrirtæki þar sem sala gistingar er meginstarfsemin.




MYND 5. FLOKKUN FYRIRTÆKJA EFTIR ÁRUM Í PRÓSENTUM

Í árlegri eftirlitsáætlun, sem lögð er fram á fundi heilbrigðisnefndar í upphafi hvers árs er gerð áætlun um fjölda eftirlitsheimsóknna á árinu. Í upphafi hvers árs liggja þannig fyrir skilgreind meginmarkmið sem vinna á út frá, auk undirmarkmiða á hvern málaflokk. Megináherslan er að sinna reglubundnu eftirliti í fyrirtækjum sem eiga að fá slíkt. Á mynd 5 má glögglega sjá hvernig samsetning fyrirtækjaflokka hefur breyst í gegnum árin sem er væntanlega vegna aukinnar ferðaþjónustu s.s. gistingu sem flokkast sem hollustuháttafyrirtæki, þ.e. bláu súlurnar á myndinni.

Sýnataka og niðurstöður


TAFLA 6. SÝNATÖKUR FLOKKAÐAR

Gerð sýnis	Fullnægjandi	Ófullnægjandi	Ekki metið	Alls
Baðvatn	95	23		118
Neysluvatn	148	8		156
Yfirborðsvatn			18	18
Náttúrulegar	3		24	27
Matvæli	9		1	10
Varnarefni			6	6
Önnur sýni	7			7
Samtals			17	17




MYND 6. SAMANBURÐUR ALLRA SÝNA EFTIR ÁRUM


Á hverju ári taka heilbrigðisfulltrúar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fjölda sýna með megináherslu á neysluvatn. Jafnframt er vel fylgst með sund- og baðstöðum og farið að jafnaði a.m.k. einu sinni á ári í sýnatökur á sund- og baðstaði, oftast ef þörf er á. Einnig er fylgst með fráveitum, matvælum og öðrum þáttum sem þurfa þykir hverju sinni. Sum sýni eru tekin sem hluti af samræmdum eftirlitsverkefnum á landsvísu en önnur sem hluti af reglubundnu eftirliti og sumar sýnatökur eru tilfallandi eða sérstakar ástæður kalla á sýnatöku. Fjölda sýna og tegund er hægt að sjá í töflu 6 og á mynd 6 hér að framan.



MYND 7. SKÍFURIT YFIR NIÐURSTÖÐUR BAÐVATNSSÝNA



MYND 8. SKÍFURIT YFIR NIÐURSTÖÐUR NEYSLUVATNSSÝNA



MYND 9. SKÍFURIT YFIR HEILDARNIÐURSTÖÐUR SÝNA

Árið 2019 voru alls 359 sýni tekin og er svipaður fjöldi sýna og undanfarin ár, sjá mynd 6 þar sem sjá má yfirlit í súluriti yfir árin 2007-2019 þar sem grænu súlurnar eru fjöldi sýna sem uppfylla kröfur viðkomandi reglugerða og rauðu súlurnar tákna ófullnægjandi niðurstöður. Á mynd 7 sést hlutfall ófullnægjandi niðurstaðna í baðvatnssýnum í skífuriti og á sama hátt sýnir mynd 8 hlutfall neysluvatns. Mynd 9 sýnir hlutfall allra tekinna sýna. Fjöldi sýna í reglubundnu eftirliti er mismunandi milli ára og byggist á sýnatökuáætlun fyrir árið. Sýnatökur eru endurteknar standist sýni ekki þær gæðakröfur sem til þeirra eru gerðar í viðeigandi reglugerð. Rekstraraðilum er gefinn frestur til endurbóta áður en til endurtekningar á sýnatöku kemur nema þegar verið er að staðfesta hugsanlega mengun eða smit. Í þeim tilfellum er ný sýnataka framkvæmd svo fljótt og auðið er eftir að niðurstöður liggja fyrir.

Sund- og baðstaðir vs. laugar í náttúrunni

Taka skal fram að mun meiri kröfur eftir reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum en í náttúrulegum samkvæmt reglugerð 460/2015 um baðstað í náttúrunni. Þó nokkrir aðilar sem hyggjast fara í rekstur náttúrulega hafa sýnt reglugerðinni mikinn áhuga. Breytingar voru gerðar nýlega á reglugerðinni sem opna verulega á slíkan rekstur þar sem nú er hægt að skilgreina manngerða laug (afþreyingarlaug) undir reglugerð um baðstaði í náttúrunni sem var ekki hægt við gildistöku hennar.

Meindýravarnir og tilkynningaskylda vegna veggjalúsar

Veggjalús (e. bed bug) er talin hafa uppruna í Asíu og hefur hún fylgt mannfólki frá örófi alda. Á Íslandi hefur hún fundist í öllum landshlutum. Því miður hefur hennar orðið vart í meira mæli en áður með aukinni ferðamennsku hin síðari ár. Á heimasíðu HSL er meindýraeyðum gert

GÁTLISTI YFIR ÞAÐ SEM BER AÐ GERA Á GISTISTAÐ EF GESTIR VERÐA VARIR VIÐ VEGGJALÚS

- » Bjóðið gestinum umsvifalaust upp á nýtt herbergi.
- » Bjóðist til að fara gaumgæfilega í gegnum farangurinn með gestinum til að koma í veg fyrir að lúsin fylgi honum á milli herbergja eða gististaða.
- » Bjóðið gestinum að þvo af honum öll föt til að eyða hugsanlegum dýrum. Athugið að þvo verður við að minnsta kosti 50°C til að fullnægjandi árangur náist.
- » Bjóðist til að frysta föt og annan farangur gestsins sem ekki þolir þvott. Frostið þarf að fara niður fyrir -18°C í a.m.k. sólarhring til að ná að drepa allt.
- » Sé ekki um það að ræða að þvo eða frysta farangur bjóðist þá til að pakka öllu í plast-poka til að geyma þar til færi gefst á því að grípa til viðeigandi aðgerða.

kleift að skila rafrænt lögbundnum skýrslum um unnin verk. Þeim er skylt að skila skýrslum til heilbrigðiseftirlits við eyðingu á rottum og veggjalús skv. 12. gr. reglugerðar nr. 980/2015 um meðferð varnarefna, en þar segir:

Að lokinni vinnu við útrýmingu á rottum eða veggjalús ber handhafa notendaleyfis að gera skýrslu um verkið og senda til viðkomandi heilbrigðisnefndar. Þar skal koma fram hver er verkbeiðandi, um hvaða meindýr var að ræða, hver framkvæmdi verkið og hvenær, hvaða útrýmingarefni voru notuð til verksins og varúðarráðstafanir sem gripið var til í því skyni að vernda heilsu manna og dýra, annarra en meindýra, og umhverfið. Skýrslu skal skila innan þriggja virkra daga ef um er að ræða útrýmingu á veggjalús en innan mánaðar ef um er að ræða útrýmingu á rottum.

MYND 10. GÁTLISTI ÚR BÆKLINGI UMHVERFISSTOFNUNAR UM VEGGJALÚS 2011

Því miður hefur þessum tilkynningum ekki verið sinnt sem skyldi af starfandi meindýraeyðum. En með hinni miklu fjölgun ferðamanna er alveg ljóst að tilfellum veggjalúsa hefur fjölgað. Nauðsynlegt er að kunnáttumaður meti aðstæður vandlega og gangi skipulega til verks með þeim ráðum sem eru í boði og þykja henta á hverjum stað. Ástæðan fyrir því að veggjalús er tilkynningaskyld líkt og rottur er að hér er um að ræða óværu sem er erfitt að útrýma ef ekki er tekið á því af festu um leið og þeirra verður vart. Á mynd 10 er gátlisti með leiðbeiningum úr bæklingi sem Umhverfisstofnun birti 2011 og er aðgengilegur á vefnum, sjá slóð:

<https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Hollustuhaettir/Veggjal%C3%BAs%202011.pdf>

Hollustuhættir

Undir hollustuháttafyrirtæki falla m.a. gististaðir, samkomustaðir, menntastofnanir, sund- og baðstaðir, náttúrulegar, tjaldsvæði, snyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, íþróttastöðvar o.fl. Fjöldi fyrirtækja á sviði hollustuhátta var 825 í lok árs 2019. Sviðið er það stærsta, þ.e. með mestan fjölda fyrirtækja hjá Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, sbr. mynd 4 og 5. Á mynd 5 má sjá hlutfallslegan fjölda fyrirtækja eins og hann hefur verið sl. 14 ár. Ástæðan fyrir því er hversu fjölbreytilegt svið hollustuhættir er. Rétt er þó að taka fram að oft falla fyrirtæki undir fleira en eitt svið en þá ræður meginstarfsemin undir hvaða svið viðkomandi fyrirtæki flokkast t.d. leikskóli með mótuneyti flokkast sem hollustuhátta fyrirtæki því leikskóli er meginstarfsemin en fellur einnig undir matvælasvið en ekki talinn með þar. Eftirlit 2019 á sviði hollustuhátta var með hefðbundnu sniði. Mörg fyrirtæki á þessu sviði eru rótgrónar stofnanir sem sveitarfélög og ríki reka og mynda grunnstoðir samfélaga eins og skólar og heilbrigðisþjónusta.

Ýmiskonar nýjar hugmyndir hafa á undanförnum árum skotið upp kollinum á sviði hollustuhátta eins og manngerðar náttúrulegar sem leiddi til að regluverkið var aðlagð slíkum rekstri. Sala gistingar í tjöldum eins og sjá má dæmi um á mynd 11 er nýlunda hérlandis sem og hjólhýsum en Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur ekki veitt nein starfsleyfi vegna þeirra þar sem ágreiningur er um hvers konar mannvirki er um að ræða og



MYND 11. GISTISTAÐUR Í TJALDI

hvort þau uppfylli kröfur sem gistirými. Hafa málin því strandað þar og jákvæð umsögn frá byggingarfulltrúum fæst ekki. Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur þó gefið út starfsleyfi fyrir sölu

á gistingu í plastkúlum eftir að bréf barst með áliti frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þess efnis að um starfsleyfisskyldan rekstur væri að ræða. Eru í því tilfelli gerð krafa til úttekta brunavarna til að tryggja sem kostur er öryggi gesta.

Hollustuháttahópur

Umhverfisstofnun heldur utan um starf hollustuháttahóps og er hluti af samræmingu eftirlits á landsvísu í samvinnu heilbrigðiseftirlitssvæða. Í hópnum hafa verið unnin starfsleyfisskilyrði og leiðbeiningar í málaflökknum og á ýmsan hátt unnið að nýjungum í eftirliti. Á árinu voru haldnir sjö fundir í hópnum auk tveggja starfsdaga á Reykjanesi. Einnig var unnið að gerð áhættumats fyrir hollustufyrirtæki og jafnframt var unnið að heildarendurskoðun reglugerðar um hollustuhætti.

Matvæli

Fjöldi matvælafyrirtækja í árslok 2019 var 405 eins og lesa má út úr súluriti á mynd 4. Það er svipaður fjöldi matvælafyrirtækja og hefur verið undanfarin ár. Um matvælafyrirtæki gilda lög nr. 93 /1995 um matvæli. „*Tilgangur laganna er að tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar að aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi*“. Auk þess gilda um matvælafyrirtæki mengandi skilyrði á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Breytingar á matvælalögum

Á árinu voru gerðar breytingar á lögum um matvæli nr. 93/1995 er varða eftirlit Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna, m.a. í þeim tilgangi að koma í veg fyrir útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería með matælum og koma í veg fyrir að nýir smitsjúkdómar berist til landsins. Jafnframt var orðalagi breytt í 22. gr. laganna er varðar úrskurð ráðherra um verkaskiptingu milli MAST OG HES: „*Ef bæði Matvælastofnun og heilbrigðisnefnd hafa eftirlitsskyldur með sama matvælafyrirtæki, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, skal ráðherra úrskurða [um verkaskiptingu framangreindra stjórnvalda um opinbert eftirlit og leyfisveitingar skv. 20. gr.]*“

Eftirlitsverkefni og sýnatökur

Samvinna um eftirlitsverkefni á landsvísu er hluti af samræmingu eftirlits. Ákvörðun um slík verkefni er tekin sameiginlega á vofundi framkvæmdastjóra á landsvísu, en auk þess eru á stundum sett inn auka verkefni sem ýmist eru ákveðin af ráðuneytinu eða þá að um er að ræða samevrópsk eftirlitsverkefni.

Sýnatökur á kjöti til örverumælinga

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Matvælastofnun, hófu könnun á stöðu á algengustu sjúkdómsvaldandi örverum í kjöti á markaði á árinu 2018 og hélt verkefnið áfram á árinu 2019. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sá um sýnatökuna í smásöluverslunum. Tekin voru um 600 sýni af alifuglakjöti, svínakjöti, nautagripakjöti og kjöti af sauðfé í matvöruverslunum, valdar af handahófi, uppruni sýnis var ekki látið hafa áhrif á val en sýnið skyldi vera lýsandi fyrir þær vörur sem voru á markaði. Skýrsla vegna skimunar 2018 var birt á vef Matvælastofnunar í júní 2019. Helstu niðurstöður skýrslunar eru að STEC *E. coli* finnst bæði í kjöti af íslensku sauðfé og nautgripum. Þetta er í fyrsta sinn sem skimað er fyrir þessari eiturmyndandi tegund *E. coli* í kjöti af sauðfé og nautgripum hérlandis. *Salmonella* og *kampýlóbakter* greindust ekki í svína- og alifuglakjöti að undanskilinni *Salmonella* sem fannst í einu sýni af svínakjöti. Bendir það til að árangur hafi náðst með forvörnum og eftirliti í eldi og við slátrun alifugla og svína.

Hvað er STEC E.coli?

STEC (Shiga Toxin-producing *Escherichia coli*) er eiturmyndandi tegund *E. coli*. STEC getur valdið alvarlegum veikindum í fólki en algeng sjúkdómseinkenni eru niðurgangur en einnig getur sjúkdómurinn leitt til nýrnaskaða, svokallað HUS (Hemolytic Urea Syndrome). Fólk getur smitast af STEC með menguðum matvælum eða vatni, með beinni snertingu við smituð dýr, eða umhverfi menguðu af saur þeirra. Það er ljóst að rannsaka þarf betur STEC í kjöti og koma á fyrirbyggjandi aðgerðum í sláturhúsum og kjötvinnslum til að koma í veg fyrir STEC berist í kjötið.

Mikilvægt er að neytendur gegnumeldi kjöt fyrir neyslu og gæti að krossmengun. Smitið er mest á yfirborði kjöts og drepst því við steikingu/grillun á kjötstykkjum. Hins vegar gegnir öðru máli þegar um hakkað kjöt er að ræða því þá dreifast bakteríurnar um allt kjötið. Því er mikilvægt að gegnumsteikja hamborgara og annað hakkað kjöt. Skýrsluna má nálgast á slóð:


https://www.mast.is/static/files/import/skyrslur/skimun_sjukdomsvaldandi_orverur_kjoti_2018.pdf

Varnarefnaælingar á matjurtum


Varnarefnaælingar eru mikilvægur hluti eftirlits með framleiðslu á matjurtum. Stór hluti slíkrar framleiðslu á landsvísu er á Suðurlandi.

Neysluvatn

Á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru fjölmargar vatnsveitur og er heildarfjöldi starfsleyfa vegna neysluvatns 144. Stærstu vatnsveiturnar eru reknar af sveitarfélögum. Alls voru tekin 156 sýni af neysluvatni á árinu 2019. Af þeim voru 148 fullnægjandi, 8 voru ófullnægjandi. Fjöldi sýna var heldur minni en árið áður, en sveiflur í fjölda sýna ráðast m.a. af vatnsgæðum, þar sem endurtaka þarf sýnatöku ef niðurstöður eru ófullnægjandi.



MYND 12. SAMANBURÐUR NIÐURSTAÐNA NEYSLUVATNS MILLI ÁRA



MYND 13. SAMANBURÐUR NIÐURSTAÐNA NEYSLUVATNSSÝNA Í PRÓSENTUM MILLI ÁRA

Samanburð milli ára má lesa út úr myndum hér að framan en á mynd 12 er súlurit með heildarfjölda sýna ásamt fjölda ófullnægjandi sýna hvert ár fyrir sig, en á mynd 13 eru sömu upplýsingar sýndar í prósentum. Línuritið á mynd 13 gefur skýra mynd af hlutfalli sýna sem falla í sýnatöku, þ.e. uppfylla ekki gæðakröfur viðkomandi reglugerða. Í heild má segja að ástand neysluvatns hafi mælst óvenju gott á Suðurlandi á árinu 2019. Þó er ástæða til að hvetja

til þess að hvetja til að fækka litlum vatnsveitum og einkavatnsbólum. Sameinast verði um að mynda vatnsveitur þar sem vatni frá bestu vatnsbólum viðkomandi svæðis sé dreift til sem flestra. Aðgangur að hreinu og heilnæmu vatni er forsenda fyrir búsetu og matvælaframleiðslu. Hér á landi eru sérstakar aðstæður varðandi neysluvatn þar sem neysluvatni er almennt veitt ómeðhöndluðu til neytenda. Hinn jarðfræðilega ungi berggrunnur Íslands sýnar vel það vatn sem um hann rennur. Til að þau vatnsgæði skili sér til neytenda er ekki síður mikilvægt að haga frágangi vatnsbóla með þeim hætti að ekki komist yfirborðsvatn að til að menga neysluvatnið. Einnig er mikilvægt að skilgreina vatnsvernd umhverfis vatnsból til að koma í veg fyrir mengun neysluvatns. Girða verður síðan kringum sjálft vatnsbólið svo umferð manna og dýra sé sem allra minnst við það. Reynslan hefur sýnt að gott innra eftirlit getur hindrað slæmar upptökur eins og mengun af ýmsum toga.

STEC *E.coli* faraldur á Suðurlandi

Víða um land eru ferðamannastaðir sem bjóða upp á möguleika á að kynnst dýrum í návígi, sem almenna afþreyingu og jafnframt hefur það ákveðið fræðslugildi. Oft eru þessir staðir samhliða með veitingar af ýmsu tagi s.s. veitingastaði með sölu á ís sem framleiddur er á staðnum og aðrar fjölbreyttar veitingar. Einnig er víða boðið upp á sölu gistingar og hestaleigu. Dýrum sem eru heilbrigð að sjá getur fylgt bakteríuflóra sem getur valdið sýkingum hjá fólki eins og t.d. af völdum *Campylobacter*, *Salmonella*, toxínmyndandi *E. coli*, o.fl. Bein snerting gesta er oft í boði við dýrin á staðnum, jafnvel með aðgengi sem er í nánd við veitingasöluna.

Upp úr miðjum júnímánuði 2019 fóru að greinast alvarleg veikindi vegna STEC (Shiga toxinmyndandi *Escherichia coli*), mest í börnum. Barnaspítali Hringssins meðhöndlaði börnin. Faraldsfræðileg greining Sóttvarnalæknis staðsetur upptökin þar sem allir einstaklingarnir áttu það sameiginlegt að hafa komið við á sama ferðapjónustubýli, utan einn sem var annars stigs smit. Allir greindust með sermisgerðina STEC O026. Sama sermisgerð greindist hjá nautgripum býlisins og í umhverfi þeirra. Í upphafi atviks voru stofnar frá fyrstu fjórum tilfellum, ásamt stofni sem fannst í kálfastíu, heilgenaraðgreindir og reyndust vera af sama uppruna. Einkenni þessarar alvarlegu sýkingar voru niðurgangur, lystarleysi, blóð í hægðum og HUS (Hemolytic Uremic Syndrome), í alvarlegustu tilfellunum.

Alls veiktust 23 einstaklingar, í þessari hrinu. 22 börn og einn fullorðinn. Fjöldi legudaga á Barnaspítala Hringssins var 38 og heimsóknir á bráðamóttöku og göngudeild voru 74. Starfsmenn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Matvælastofnunar fóru alls í 11 vettvangsferðir í ferðapjónustubýlið og tóku samtals 64 sýni af ís, dýrum og úr umhverfi. Þess utan er ótalin aðkoma fjölda annarra starfsmanna heilbrigðiskerfisins og rannsóknastofa sem komu að þessu meðan það versta gekk yfir og við úrvinnslu þess, eftir á. Augljóst er að beinn kostnaður

samfélagsins vegna þessa máls er umtalsverður, fyrir utan þær mannlegu þjáningar sem það olli.

Hinn harði lærdómur sem draga ber af þessu alvarlega máli er að takmarka verður aðgengi almennings að húsdýrum. Bein snerting við húsdýr getur verið hættuleg ef fyllsta hreinlætis er ekki gætt og hafa verið gefnar út leiðbeiningar um handþvott og umgengni, fyrir staði sem bjóða upp á aðgang almennings að húsdýrum. Í húsdýrum geta verið lífshættulegar örverur, sér í lagi einstaklingum sem ekki eru vanir að umgangast þau og hafa ekki myndað ónæmi eða eru með bælt/óþroskað ónæmiskerfi. Gæta verður að því að húsdýr eru ekki gæludýr.

Leiðbeiningar eru á vef Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, sjá slóð:

<https://www.hsl.is/2019/08/leidbeiningar-um-smitvarnir-vegna-dyrahalds-og-veitingastarfsemi/>

Brauðkörfumálið

Haustið 2016 gerði Heilbrigðiseftirlit Suðurlands athugasemdir við frágang á brauði í verslun Krónunnar á Selfossi. Raunar var búið að gera svipaðar athugasemdir varðandi þennan frágang á öðrum eftirlitssvæðum í búðum verslanakeðjunnar. Stefndi málið í að beita þyrfti þvingunaraðgerðum til að fá rekstraraðilann til að sinna nauðsynlegum úrbótum sem tryggðu matvælaöryggi. Til þess kom þó ekki, því verslunin gerði viðeigandi úrbætur með því að setja brauðin undir hlífir í sölu. Þrátt fyrir það ákvað Krónan að stefna Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, ásamt sveitarfélaginu Árborg. Krafðist bóta fyrir tjón sem af þessum úrbótum hefði hlotist, fyrir Krónuna. Einnig var fullyrt, fyrir Héraðsdómi Suðurlands að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefði ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni. Jafnframt brotið gegn ákvæði í 75. grein stjórnarskrárinnar varðandi atvinnufrelsi. Einnig að jafnræðisregla hafi verið brotin þar sem viðlíka kröfur hafi ekki verið gerðar til framsetningar á grænmeti í grænmetisborði og til sælgætis í nammibar. HSL tók til varna og taldi að ekki hefði verið sýnt fram á tjón vegna þessa og að rannsóknarskyldunni hefði verið sinnt með eftirlitsheimsóknunum. Þarna var í raun verið að takast á um 30. grein laga nr. 93/1995 um matvæli. Þessi grein heimilar m.a. eftirlitsaðila að grípa til aðgerða ef rökstuddur grunur er að matvæli séu heilsuspillandi, óhæf til neyslu eða menguð. Með dómi sem kveðinn var upp af Héraðsdómi Suðurlands þann 4. mars 2019, var fallist á öll rök Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og hægt að nálgast á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, sjá slóð: <https://www.hsl.is/2019/04/heilbrigdiseftirlit-sudurlands-og-sveitarfelagid-arborg-syknud-af-ollum-krofum-kronunnar-ehf/>

Þann 1. apríl 2019 áfrýjaði Krónan þessu máli til Landsréttar. Dómur Landsréttar féll þann 6. desember 2019, með eftirfarandi dómsorðum:

*„Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.
Áfrýjandi, Krónan ehf., greiði stefndu, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og
Sveitarfélaginu Árborg, hvoru um um sig 700.000 krónur í málskostnað fyrir
Landsrétti.“*

Dóm landsréttar í heild sinni má nálgast á heimasíðu Landsréttar, á slóðinni:
<https://landsrettur.is/domar-og-urskurdir/domur-urskurdur/?id=fcc892aa-7ac5-43cb-a481-4ae6e2c679c5>

ESA úttektir

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur eftirlit með framkvæmd reglna Evrópska efnahagssvæðisins á Íslandi, í Liechtenstein og Noregi, og gerir ríkjunum þannig kleift að taka þátt á innri markaði Evrópu. Úttektir ESA eru yfirleitt 2 - 4 hér á landi. Á meðfylgjandi slóð er fróðleikur um ESA:
<http://www.eftasurv.int/about-the-authority/the-authority-at-a-glance-/eftirlitsstofnun-efta/>

Umhverfis- og mengunarvarnir

Með umhverfis- og mengunarvarnareftirliti er leitast við að vakta og veita eftirlit með þeim þáttum sem valdið geta mengun á lofti, á landi, í vötnum eða sjó. Einnig er viðhaft eftirlit með eiturefnum og öðrum hættulegum efnum auk þess að veita fræðslu til umsækjenda, starfleyfishafa og öðrum er sækjast eftir fræðslu. Heilbrigðisfulltrúar á umhverfis- og mengunarvarnarsviði sinna þessum þáttum auk þess að sinna sýnatökum, gefa umsagnir vegna skipulagsmála og sinna samstarfsverkefnum við aðrar stofnanir er lúta að umhverfis- og mengunarvörnum.

Fjöldi starfsleyfa og gangur eftirlits

Á árinu 2019 voru 333 aðilar með gilt starfsleyfi á umhverfis- og mengunarvarnarsviði. Það er fjölgun frá árinu 2018 þegar þeir voru 327. Fjölgunin nemur rúmum 2% eða 6 aðilar. Málaflokkurinn var nokkuð yfirgripsmikill á árinu, töluvert ávannst en þó liggja verkefni víðsvegar í framtíðinni. Er viðkemur fráveitumálum og úrbótum í þeim málaflokki er óhætt að segja að náð hafi verið vissum árangri en þó er um gríðarlegt langhlaup að ræða.

Starfsleyfisútgáfa á umhverfis- og mengunarvarnarsviði

Nokkur vinna er fólgin í útgáfu starfsleyfa á umhverfis- og mengunarvarnarsviði. Starfsleyfi á sviðinu skal auglýsa á þrjá vegu. Í fyrsta stað skal auglýsa móttöku umsóknarinnar, tillögu að starfsleyfisútgáfu með athugasemdafresti skal því næst auglýsa í fjórar vikur að þeim tíma liðnum skal auglýsa útgáfu starfleyfisins með upplýsingum um kæruleiðir og kærufresti. Öllum útgefnum starfleyfum á umhverfis- og mengunarvarnarsviði skal fylgja greinagerð þar sem farið er yfir málsmeðferðina frá móttöku umsóknar til útgáfu starfsleyfis sbr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfis- og mengunarvarnaeftirlit tekur til vöktunar og eftirlits með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láða eða lagar, eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum auk fræðslu um þessi mál.

Lóðir og lendur

Átak Heilbrigðiseftirlits Suðurlands varðandi hreinsun lóða og lendna hófst með ráðningu starfsmanns í lok mars 2019. Aprílmánuður var nýttur í undirbúning verkefnisins, m.a. var sendur tölvupóstur á forsvarsmenn sveitarfélaganna 14 í umdæmi HSL þar sem óskað var eftir ábendingum um lóðir hvar umgengni mætti bæta. Í kjölfarið var svo fundað með sveitarstjóra og/eða skipulagsfulltrúa hvers sveitarfélags varðandi tilhögun átaksins og möguleg verkefni.



MYND 14. EFTIRLIT MEÐ LÓÐUM OG LENDUM

Í stuttu máli er vinnuferill verkefnisins á þá leið að eftir ábendingar frá sveitarfélagi er farið í eftirlit á vettvang vegna viðkomandi lóðar og reynt að hafa uppi á umráðamanni eða eiganda og hreinsunarátakið kynnt fyrir honum. Að því loknu er ástand lóðar metið og teknar myndir á staðnum. Ef ekki tekst að ná sambandi við lóðarhafa á vettvangi er hringt í viðkomandi við fyrsta tækifæri. Að loknu eftirliti er útbúið myndaskjal ásamt bréfi, ef

umgengni er ábótavant, sem svo er sent í pósti á skráðan lóðarhafa og gefinn 4 vikna frestur til úrbóta. Að fresti liðnum er haft samband við lóðarhafann á ný og athugað hver staðan á lóðarhreinsun er. Ef hreinsun lóðarinnar er ólokið hefur verið boðið upp á framlengdan frest til að klára tiltekt. Ef hins vegar lóðarhafi sýnir engan vilja eða áhuga á að bæta úr umgengni á lóð getur hann átt von á að fá sent annað bréf að loknum fresti þar sem 2 vikna lokafrestur er gefinn til úrbóta. Að þeim tíma liðnum getur HSL látið hreinsa viðkomandi lóð á kostnað lóðarhafa.

Frá maí 2019 til áramóta 2019-2020 voru stofnuð 84 mál vegna umgengni á jafnmörgum lóðum í umdæmi HSL. Af þessum 84 málum voru send bréf vegna 71 lóðar, að loknu eftirliti á vettvangi, þar sem farið var fram á úrbætur. Af 71 lóð lauk lóðarhreinsun á 26 lóðum á árinu 2019. Hafa allir skráðir lóðarhafar þeirra lóða fengið bréf frá HSL um að máli þeirra sé lokið, að lokinni úttekt eftir tiltekt. Þau 45 mál sem ólokið var um áramót fengu lengri frest til úrbóta. Ekki kom til þess á árinu 2019 að HSL léti fara fram hreinsun á lóðum á kostnað lóðarhafa/-eiganda. Myndir 14 og 15 eru dæmi um verkefni á þessu sviði.

Bréf voru send vegna umgengni á lóðum 12 sveitarfélaga af 14. Um var að ræða íbúðarlóðir, frístundalóðir, iðnaðarlóðir og jarðir. Skráðir eigendur/lóðarhafar voru ýmist einstaklingar, fyrirtæki eða sveitarfélög. Af töflunni hér að neðan má sjá heildarfjölda lóða/mála eftir sveitarfélögum ásamt fjölda lóða þar sem hreinsun er lokið.

TAFLA 7. YFIRLIT YFIR MÁL UM LÓÐIR OG LENDUR

Sveitarfélag	Mál stofnuð	Bréf 1 v/umg. - Fj. lóða	Málum lokið	Bréf 2 - Lokafrestur
Ásahreppur				
Bláskógabyggð	11	11	8	
Flóahreppur	2	1	1	
Grímsnes-og Grafningsshr.	1			
Hrunamannahreppur	11	11	5	
Hveragerði	4	4	4	
Mýrdalshreppur	5	5	1	
Rangárþing eystra	6	3	0	
Rangárþing ytra	2	2	0	
Skaftárhreppur	10	9	2	
Skeiða-og Gnúpverjahr.				
Sveitarfélagið Árborg	13	9	3	
Sveitarfélagið Ölfus	10	8	2	
Vestmannaeyjar	9	8	0	
Samtals	84	71	26	

Um ábyrgð eiganda eða umráðamanns húss, mannvirkis og/eða lóða

Lóðarhafar eru ábyrgir fyrir því að umgengni lóðar sé í samræmi við lög og reglugerðir.

Þannig segir í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti:

18. gr, 1. mgr.: „Eigandi eða umráðamaður húss eða mannvirkis skal halda eigninni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð og girðingum, þannig að ekki valdi öðrum ónæði“,

20. gr. 1. mgr.: „Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma hluti, búnað eða tæki á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti“

og 21 gr.: „Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja lausamuni, númerslaugar bifreiðar, bílflök og sambærilega hluti á almannafæri að undangenginni viðvörun, svo sem með álímingarmiða með aðvörunarorðum“.

Í reglugerð nr. 737/2003 um meðferð úrgangs, segir:

„Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utanhúss og hlutast til um að fram fari eftir þörfum almenn hreinsun lóða og lendna í þrifnaðarskyni.

Nefndin getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Nefndinni er heimilt að fyrirskipa hreinsun lóða og lendna og ef sérstök ástæða er til niðurrif húsa og girðinga í niðurníðslu.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja númerslausar bifreiðar og bílflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum. Heilbrigðisnefnd getur látið hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda telji nefndin þess þörf vegna mengunar og óhollustu“.

Um valdsvið og þvingunarúrræði heilbrigðiseftirlits er vísað í gr. 60-61 laga nr. 7/1998. Heimilt er að kæra málsmeðferð og aðgerðir heilbrigðiseftirlitsins til sérstakrar úrskurðarnefndar sbr. 65. gr. sömu laga. Slík kæra eða málsskot frestar þó ekki réttaráhrifum ákvörðunar.



MYND 15. DÆMI UM MENGUN OG ÓÞRIFNAÐ

Verkefni umhverfisgæðahóps

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tekur þátt í starfi umhverfisgæðahóps Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna. Hópurinn hittist sjö sinnum á árinu, þar af var hinn árlegi tveggja daga vinnufundur sem fór hann fram í Kjós þetta árið. Helstu verkefni hópsins voru að vinna áfram við samræmingu eftirlits á landsvísu, s.s. áhættumati fyrir mengandi starfsemi þannig að framkvæmd áhættumats sé með sama hætti um land allt. Jafnframt var unnið að endurskoðun samræmdra starfsleyfisskilyrða sem var tímabært vegna laga- og reglugerðabreytinga. Uppfærð starfsleyfisskilyrði hafa verið birt. Jafnframt var ákveðið að fara í lítið eftirlitsverkefni samhliða eftirlitsverkefni hollustuháttahóps Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæðanna um sundlaugar, þar sem kannað var ástand fráveitumála sundlauganna og hvort klórgildi í fráveitu væru undir mörkum hjá þeim sundlaugum sem losa frárennsli sitt beint í ferskvatn. Skýrsla verður birt á vef Umhverfisstofnunar.

Loftgæði

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með sex loftgæðamælum í eigu Orku Náttúrunnar (ON) vegna útblásturs brennisteinsvetnis frá Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun. Loftgæðamælar eru við virkjanirnar sjálfar og miðast niðurstöður þar við vinnuverndarmörk skv. reglugerð nr. 390/2009 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum. Jafnframt eru loftgæðamælar staðsettir í Norðlingaholti í Reykjavík, í Lækjarbotnum, Kópavogi við Finnmörk 1a í Hveragerði, og Lambhaga í Úlfarsárdal í Reykjavík og var síðas nefnda mælistöðin tekin í notkun um mitt ár 2019. Niðurstöður má ávallt lesa beint á vef Heilbrigðiseftirlits Suðurlands sjá slóð: <https://gogn.vista.is/vdv.php/rtd/230>

Verkfræðistofan Vista hefur umsjón með ofangreindum mælum, þ.e. daglegum rekstri og kvörðunum, og eru Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Medor samstarfsaðilar.

Reglugerðarákvæði

Í reglugerð nr. 514/2010 um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti með breytingu í reglugerð 715/2014 eru gerðar eftirfarandi kröfur varðandi styrk H_2S í andrúmslofti:

Umhverfismörk:

- Styrkur hlaupandi 24 klst meðaltals má fara yfir styrkinn $50 \mu g/m^3$ mest 3 sinnum á ári.
- Ársmeðaltal má hæst vera $5 \mu g/m^3$.


Tilkynningarmörk:

- Tilkynna skal ef styrkur mælist yfir $150 \mu g/m^3$ í 3 klst samfelld.

Árið 2019 eru frummælingar til útreiknings ársmeðaltals á öllum stöðum taldar áreiðanlegar, sbr. samræmda verklagsreglu um úrvinnslu gagna úr H_2S loftgæðamælum.

Hlaupandi 24 klst. meðaltal fór hvergi yfir $50 \mu g/m^3$ á árinu.

Ársmeðaltal ársins 2019 í Norðlingaholti var $3,8 \mu g/m^3$ en var $3,0 \mu g/m^3$ árið á undan eins og lesa má út úr mynd 16. Í Hveragerði mældist það einnig $3,8 \mu g/m^3$ árið 2019 en var $3,0 \mu g/m^3$ árið 2018. Í Lækjarbotnum var ársmeðaltalið $3,6 \mu g/m^3$ á árinu 2019 en $2,6 \mu g/m^3$ árið á undan. Í Lambhaga, nýju mælistöðinni 2019, var ársmeðaltalið $2,6 \mu g/m^3$. Lambhagastöðin sést eins og punktur fyrir árið 2019 á mynd 16 hér að neðan.



MYND 16. SAMANBURÐUR ÁRMEÐALTALS H_2S MÆLINGA MILLI ÁRA

Ársmeðaltal hefur ekki farið yfir skilgreind mörk síðan árið 2012, að ársmeðaltalið í Hveragerði mældist $6,14 \mu\text{g}/\text{m}^3$, en þess ber að geta að 2012 sker sig úr vegna þess að loftgæðamælar voru bilaðir meira en 30% af árinu, þ.e. meira og minna allt sumarið, og því eru mælingar ómarktækar. Þó er eðlilegt að mengun vegna brennisteinsvetnis hafi aukist á tímabilinu frá 2011-2013 því að í september 2011 voru tvær vélasamstæður í Sleggjunni svokölluðu gangsettar, til viðbótar við þær fjórar sem eru í aðalvirkjunarhúsinu. Engar ráðstafanir voru gerðar til að draga úr brennisteinsvetnismengun frá Hellisheiðarvirkjun fyrr en um mitt ár 2014 þegar fyrsta áfanga lofthreinsistöðvar var hleypt af stokkunum. Í lok árs 2017 var afkastageta lofthreinsistöðvar virkjunarinnar á Hellisheiði aukin þannig að nú hreinsar hún útblástur frá öllum vélarsamstæðum í aðalhúsi Hellisheiðarvirkjunar sem og í Sleggju og hreinsar lofthreinsistöðin nú um 60-80% af því H_2S sem losnar við vinnslu jarðhitavökvans í virkjuninni. Hins vegar er engin hreinsun á útblæstri frá Nesjavallavirkjun en það stendur til bóta.

Skýrslur Verkfræðistofunnar Vista fyrir ofangreindar mælingar 2019 í heild sinni má finna á vef Heilbrigðiseftirlits Suðurlands á slóðinni:

<https://www.hsl.is/fraedsla/skyrslur-um-brennisteinsvetnismaelingar/>

Vatnamál

Vatnatilskipun Evrópusambandsins var innleidd hér á landi með lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Með stjórn vatnamála átti að koma á lögbundinni stjórnun og verndun vatns óháð stjórnsýslumörkum. Umhverfisstofnun með aðkomu Veðurstofu Íslands og Orkustofnun stýrir málaflokknum. Við setningu laganna voru uppi mikil áform um innleiðingaferil á stjórn vatnamála er næði til árunna 2011 til 2015 og síðan úttektir á vatnsvæðum fram til ársins 2021. Það var sá tímarammi sem Ísland hafði til að uppfylla tilskipunina. Vinnan fór vel í gang í byrjun en lagðist fljótlega af þar sem ekki gekk að fjármagna verkefnið. Síðla árs 2018 boðaði Umhverfisstofnun að vinna við vatnatilskipunina ætti að hefjast að nýju og hófst verkefnið að nýju á árinu 2019. Meðal þess sem gert hefur verið er sýnataka vegna forgangsefna í yfirborðsvatni sem er á landsvísu vegna vatnatilskipunarinnar og tók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands þátt í því verkefni þ.e. með því að taka sýni úr þremur ám á Suðurlandi: Ölfusá, Þjórsá og Varmá í Ölfusi, vegna svokallaðra forgangsefna – en þetta er mælikvarði á mengun. Bráðabirgðaniðurstöður sýna að engin mengandi efni á þeim lista sem rannsóknin beinist að hefur greinst í Þjórsá og Ölfusá, þannig að sjónir beinast einkum að Varmá þar sem örlítið hækkuð gildi mælast í nokkrum efnum en Umhverfisstofnun mun birta skýrslu um mælingarnar. Annað mikilvægt verkefni á Suðurlandi tengt vatnatilskipuninni er athugun á frágangi fráveitna á verndarsvæði Þingvallavatns. Þessi könnun er á ábyrgð Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og er komin á rekspöl. Hægt er að lesa sér til um stjórn vatnamála á vef Umhverfisstofnunar, sjá slóð: <https://ust.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/>


Sorp og seyra

Sorpflokkun hefur verið stórbætt víðast hvar á Suðurlandi með það að markmiði að takmarka urðun á sorpi sem kostur er, enda hefur undanfarin misseri verið ekið með sorp frá Suðurlandi um langan veg á milli landshluta til urðunar. Brennslustöðvar fyrir sorp voru á Kirkjubæjarklaustri og í Vestmannaeyjum en var báðum lokað á árinu 2012 þar sem díoxín mengun frá þeim mældist yfir viðmiðunarmörkum og ekki reyndist raunhæft að veita þeim undanþágu til rekstar. Í dag er Kalka á Suðurnesjum eina brennslustöð landsins sem getur tekið við einhverju magni af áhættuvefum í flokki 1 til brennslu þannig að fjöldi undanþága er veittur á hverju ári vegna salmonellusmitaðs úrgangs þegar slíkt fellur til á alifuglabúum, en ekki er heimilt að setja salmonellusmitað kjúklingakjöt á markað ef upp kemst í tíma.

Á Suðurlandi hefur markvisst verið unnið að úrbótum í fráveitumálum á undanförunum árum. Enn vantar þó nokkuð upp á að lokaáfanga verði náð varðandi nokkur stærri verkefni í þéttbýli. Þetta eru kostnaðarsamar framkvæmdir, en nauðsynlegar, bæði með tilliti til mengunarvarna og hollustuhátta auk útivistar og atvinnu. Í flestum fráveitusamþykktum sveitarfélaga á Suðurlandi eru nú komin ákvæði um losun seyru bæði frá íbúðarhúsum og frístundabyggð. Í framhaldi af þeirri þjónustu hefur jafnframt verði unnið að förgun/nýtingu seyru.

Í dreifbýli eru rotþrær einkum notaðar við fráveitur, en rotþró ásamt siturlögn er skilgreind sem ígildi tveggja þrepa hreinsunar. Við ákveðnar aðstæður þarf þó að beita meiri tækni og betri hreinsun. Á nokkrum stöðum á Suðurlandi er þörf á meiri og betri hreinsun, vegna sérstöðu viðkvæmra vatnasvæða. Má þar nefna vatnsverndarsvæði Þingvallavatns.


Fjármál og rekstur




MYND 17. FRAMLÖG SVEITARFÉLAGA TIL REKSTAR

Framlag hvers aðildarsveitarfélags til rekstar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram á mynd 17 hér að framan, myndin skýrir sig sjálf. Framlagið skiptist á skráða íbúa sveitarfélaga og reiknast gjald pr. íbúa tæpar 950 kr. Hlutfall milli framlaga sveitarfélaganna annars vegar og eftirlitsgjalda og annarrar gjalddöku hins vegar kemur fram á mynd 18 hér að neðan og til útskýringar á myndinni vísar súluritið til tekna í krónum á vinstri y-ás. Á hægri y-ás koma fram prósentutölur þannig að hlutfall framlags sveitarfélaganna í rekstri eftirlitsins kemur fram sem línurit og sýnir línuritið þróun milli ára. Á x-ásnum eru ártölin.

Ársreikningur 2019 ber með sér að tekjurnar urðu meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og kemur það einnig fram í súluritinu á mynd 18. Tekjurnar skýrast að mestu leyti af fjölgun gististaða og annarrar þjónustu við ferðamenn vegna fjölgunar ferðamanna á Suðurlandi. Sem þýðir fleiri eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu. Útgjöldin voru hins vegar í samræmi við það sem fjárhagsáætlun 2019 gerði ráð fyrir. Eftirlitsskyldum fyrirtækjum á Suðurlandi hefur fjölgað jafnt og þétt eins og einnig er hægt að lesa út úr myndinni. Í áætlun fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir svipuðu hlutfalli í framlagi sveitarfélaganna og á fyrra ári þegar aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samþykkti að fara í hreinsunaráttak á lóðum og lendum. Þannig eru aðildarsveitarfélögin að greiða sem samsvarar einu stöðugildi til að gera embættinu kleift að sinna heinsun á lóðum og lendum. Fjárhagsáætlun ársins 2020, sem var gerð fyrir aðalfundinn í október, gerir ekki ráð fyrir eins miklum tekjum og raunin varð á árinu 2019. Það á eftir að koma í ljós hvernig sá spádómur rætist. Heimsfaraldur vegna Covid-19 getur sett strik í reikninginn og má reikna með að tekjur verði jafnvel enn minni en áætlunin gerði ráð fyrir.



MYND 18. ÁÆTLUN, EFTIRLITSGJÖLD OG HLUTFALL FRAMLAGA SVEITARFÉLAGANNA



MYND 19. HELSTU KOSTNAÐARLIÐIR HEILBRIGÐISEFTIRLITS SUÐURLANDS SKV. ÁRSREIKNINGI

Laun eru eðlilega langstærsti kostnaðarliðurinn eins og kemur fram á mynd 19 hér að framan. Liðurinn annar sérfræðikostnaður fór nokkuð fram úr áætlun, sem helgast einkum af

lögfræðikostnaði sem var meiri en áður vegna þess að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur þurft að grípa til varna vegna kærumála.

Lokaorð

Þegar á heildina er litið var árið 2019 gott, starfsemin umfangsmeiri en nokkru sinni og verkefnin bæði fjölbreytt og óþrjótandi. Rekstur embættisins var góður og afkoman betri en áætlað var. Útgjöld voru í samræmi við fjárhagsáætlun en tekjurnar voru hreinlega meiri en reiknað var með sem er í samræmi við að mikinn erill allt árið. Eiginfjárstaða embættisins hefur því lagast nokkuð en er samt sem áður enn töluvert neikvæð (um 24,8 milljónir) þrátt fyrir hagnað á rekstri síðasta árs.

Góð samvinna milli eftirlits og fyrirtækja er mikils virði fyrir embættið. Við teljum okkur sjá jafnan og góðan árangur af slíkri samvinnu í bættum hollustuhátta-, mengunar- og umhverfismálum. Við teljum að bestur árangur náist með slíkri samvinnu.

Þessari ársskýrslu er ætlað að gefa einhverja hugmynd um hin fjölbreyttu verkefni sem við er að eiga og einnig að gefa hugmynd um fjármál og rekstur embættisins. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu okkar, www.hsl.is

Að lokum ber að þakka fyrir gott samstarf við eftirlitsþega, stofnanir, sveitarfélög og almenning og hlökkum við til að takast saman á við næstu verkefni.

Selfossi 5. maí 2020

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri